


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Teiknivinna húsasmiða I TEIV2BT05 Námsáætlun haustannar 2019	

Nafn kennara:	<i>Indriði Arnórsson</i>	Sk.stöfun	<i>INA</i>
----------------------	--------------------------	------------------	------------

Áfangalýsing

Nemendinn fær þjálfun í lestri og gerð byggingateikninga með áherslu á timburhús og þakvirki. Fjallað er um almenna byggingaupprætti en samhliða koma einnig burðarvirkisupprættir þar sem meðal annars er komið inn á ýmiskonar álag á byggingar. Fjallað er um algengustu útfærslur burðarvirkja úr tré, byggingatæknilegar lausnir, hönnunarforsendur og verklýsingar með tilliti til efniskrafna og einangrunar. Nemendinn kynnist mátkerfi fyrir byggingariðnaðinn og fær þjálfun í gerð efnislista á grundvelli hönnunargagna. Áfanginn er ætlaður húsasmiðum og byggist á verkefnavinnu með leiðsögn kennara.

Áfangamarkmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- burðarvirki timburhúsa
- margskonar álagi sem byggingar verða fyrir
- smíðisfestingum sem notaðar eru við timburhúsagerð
- klæðningum veggja og þaka
- mikilvægi loftræstingar byggingarhluta
- einangrun byggingarhluta
- rakavarnarlagi og mikilvægi þess
- notkun vinnuteikninga á byggingastað

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota tölvur til teikninga
- teikna burðarvirki timburhúsa eftir verklýsingum og fyrirmælum
- útbúa sérmyndir, deili og snið
- vinna með mismunandi mælikvarða
- útbúa teikningar til prentunar og prenta út nothæfar vinnuteikningar

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja uppbyggingu byggingateikninga
- teikna einfaldar burðarvirkisteikningar í tölvu
- útbúa vinnuteikningar eftir öðrum teikningum
- vinna eftir teikningum á byggingavinnustað

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 2 af 2		
Teiknivinna húsasmiða I TEIV2BT05 Námsáætlun haustannar 2019		

Áætlun um yfirferð:			
Vika	Námsefni	Verkefni	Vægi
34	Kynning		
34– 49	Teiknaðar valdar teikningar úr sumarhúsi VMA með áherslu á burðarvirki, festingar, efni og verklysingar. Áfanginn er unninn í tengslum við áfangana TIMB2VS16 og BURÐ1BK03	1. Grindur 2. Undirstöður 3. Festingar 4. Lóðrétt snið	20% 20% 20% 40%

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.


Námsgögn	
Ljósrit	Sumarhús VMA 2017–2018
Ýtarefni	Útveggjaklæðningar, IÐNÚ 2005 Timburhús e. Anders Frøstrup, IÐNÚ 1996 – bókasafn VMA

Matsform:	Símat	
Námsmat	Lýsing	Vægi
Verkefnaskil	Þegar önninni lýkur, í 49. viku, skulu verkefni vera útprentuð á A2 blöð og í möppu í B03	100%

Dagsetning: 20. 08. 2019

Indriði Arnórsson

Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils